

Hverfisráð Hríseyjar

32. fundur

Þriðjudaginn 7. apríl '09 kl.16.00 var 32. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Hjördís Ýrr

Skúladóttir, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson.

Gestir: Þróstur Jóhannsson og Jóhann P. Jóhannsson frá Útg.fél Hvammi, Gunnar Páll

Hálfðánarson frá Eymar ehf, Bjarni Thorarensen frá Hrísiðn

Linda setti fund og bauð alla velkomna.

1. Hvað er að gerast í atvinnumálum í Hrísey

Almennar umræður um atvinnuásandið í Hrísey í ljósi þessa að u.þ.b. 20 manns eru á atvinnuleysisskrá búsettir hér í eygni. Stjórnendur spurðir um stöðuna í þeirra fyrirtækjum. Greinilegt er að mikill vilji er til þessa ða halda áfram fiskvinnslu hér, en aðaláhbyggjuefni er að erfitt er að losna við afurðir. Hjá Norðurskel stendur til að fjölga starfsfólki þegar vinnsluleyfi fæst. Bjarni Thorarensen hjá Hrísiðn greindi frá því að hann vinnur nú að undirbúningi þess að þurrka kerfil og hvönn í sumar og það mun skapar 4-6 störf í nokkrar vikur

Samþykkt að senda bréf til bæjarráðs og gera frekari grein fyrir stöðu atvinnamála.

Gestir viku af fundi

2. Hreinsunardagur

Erfitt að ákveða hreinsunardag þar sem allt er á kafi í snjó. Málinu frestað.

3. Önnur mál

Skv. bréfi frá skipulagsstjóra dags. 31/10 á að endurskoða aðalskipulagið í Hrísey. *“Samþykkt að senda fyrirspurn til skipulagsdeildar um hvernig því verki miðar”*

Rætt um skyndihjálparnámskeið sem ákveðið var að halda hér fyrir almenning. Athugað verður með helgina 16.- 17 maí.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:

Linda María Ásgeirsdóttir

Kristinn Fr. Árnason

Hjördís Ýrr Skúladóttir

Guðrún Þorbjarnardóttir

Víðir Björnsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrínu Kristjánsdóttur